

LÖG**um breyting á lögum nr. 54 6. apríl 1971, um Innheimtustofnun sveitarfélaga, sbr. lög nr. 41 6. maí 1986.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 3. mgr. 5. gr. laganna bætist:

Stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga er heimilt að víkja frá þessari dráttarvaxtatöku ef um sérstaka félagslega erfiðleika er að ræða hjá skuldara. Nánari ákvæði um þetta atriði skulu sett í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. mars 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Alexander Stefánsson.

LÖG**um breyting á lögum nr. 49 6. maí 1986, um þjóðaráttak til byggingar þjóðarbóklöðu.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

A-liður 1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

- a. 0,25% á þann eignarskattsstofn manna, sbr. 80.–82. gr. laga nr. 75/1981, sem er umfram 2 676 000 kr. Skattskyld mark til sérstaks eignarskatts skal breytast samkvæmt skattvísitölu, sbr. 121. gr. greindra laga, í fyrsta sinn á gjaldárinu 1988 samkvæmt skattvísitölu gjaldársins 1988. Þó skal ekki leggja sérstakan eignarskatt á eignir manna sem orðnir eru 67 ára eða eldri fyrir upphaf hlutaðeigandi gjaldárs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda í fyrsta sinn við álagningu gjalda á gjaldárinu 1987 miðað við eignarskattsstofn í árslok 1986.

Gjört í Reykjavík, 27. mars 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sverrir Hermannsson.